

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Vatnsholt 2, L166398, Hrútholt.

Deiliskipulagið felur í sér að skilgreindar eru lóðir og byggingarheimildir fyrir uppbyggingu á 12 íbúðarhúsalóðum, sem hver um sig er 10.000 m² að stærð. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús og útihús, geymslu/bílageymslu. Nýtingarhlutfall lóðar er skilgreint allt að 0,05. Samþykkt í sveitarstjórn 9. nóvember 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Krækishólar, lóð L166421.

Gildandi deiliskipulag nær til 1. áfanga, eða austasta hluta spildunnar, þar sem eru 5 lóðir. Í breytingunni felst að deiliskipulagsreiturinn nær nú til allrar spildunnar, 1. og 2. áfanga og lóðum fjölgar. Við bætast 8 lóðir og verða fristundalóðir á spildunni því 13 talsins. Samþykkt í sveitarstjórn 8. júní 2021.

Deiliskipulag, Vælugerðiskot, L166404 og Þingdalur, land L209949.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss, reiðskemmu og vélaskemmu. Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2021.

Deiliskipulag, Urriðafoss, L166392.

Um er að ræða deiliskipulag námu í landi Urriðafoss merkt E7 á aðalskipulagi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á efnistökusvæði, áfangaskiptingu, vinnslu og frágangi innan svæðisins. Samþykkt í sveitarstjórn 10. ágúst 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 29. desember 2021.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.